

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd

Sent í umsagnagátt Alþingis

9. desember 2025

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála. Þingskjal 363 — 265. mál.

Samtök náttúrustofa fengu þann 25. nóvember sl. sent til umsagnar 265. mál, sem er frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála.

Almennt séð telja náttúrustofur að gagnlegar einfaldanir og aukning á skilvirkni séu til bóta en að það megi aldrei vera á kostnað gæða við ákvarðanatöku varðandi náttúru landsins. Tryggja þarf að breytingarnar leiði ekki til þess að ónægt tillit verði tekið til áhrifa framkvæmda á umhverfi og náttúru.

Það sem náttúrustofur vilja sérstaklega koma á framfæri í tengslum við 265. mál er að í 30. grein frumvarpsins er gerð mikilvæg og jákvæð breyting á tölulíð 1.04 í 1. viðauka laga nr. 111/2021. Viðmið um umfang skógræktar sem er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar yrði 50 ha í stað 200 ha. Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er skógrækt langtímaráðstöfun á landi sem hefur í för með sér miklar breytingar á umhverfi. Vistfræðilega er svæðum sem tekin eru til skógræktar með erlendum trjategundum umbreytt. Slík skógrækt er því mikið inngrip í náttúru landsins og óeðlilegt að hafa viðmið um tilkynningarskyldu jafn há og verið hefur (200 ha). Þegar kemur að ráðstöfun lands til skógræktar er mjög mikilvægt að í hverju tilviki sé metin þörf á mati á umhverfisáhrifum og tekið sé fullt tillit til varúðarsjónarmiða, svo mikilvægum náttúrulegum vistkerfum sé ekki eytt. Nýleg dæmi um ráðstöfun lands til skógræktar hér á landi sýna því miður að núverandi 200 ha þröskuldsgildi varðandi tilkynningarskyldu leiðir til þess m.a. að mikilvægum búsvæðum mófugla er nú eytt í stórum stíl hér á landi og á miklum hraða. Búsvæðum og tegundum sem Íslendingum ber skylda til að standa vörð um samkvæmt alþjóðasamningum um náttúruvernd. Samhliða þessari þróun sýna mælingar að fækkað hefur í stofnum algengra mófugla hér á landi, s.s. heiðlóu og spóa sem nýlega voru í fyrsta sinn skráð á válista. Sú breyting sem frumvarpið boðar felur í sér er líkleg til að tryggja betur en nú er að mikilvægum búsvæðum m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni verði ekki eytt. Það er til mikilla bóta fyrir náttúru landsins og náttúrustofur fagna því þessari breytingu.

Þrátt fyrir framangreinda jákvæðu breytingu áréttta náttúrustofur að 50 ha lands er stórt svæði. Þó viðmið færast niður í 50 ha er enn hættu á að mikilvægum búsvæðum verði umbreytt vegna skógræktar án nokkurs mats á umhverfisáhrifum, auk þess sem samlegðaráhrif margra svæða sem ná að því marki geta orðið mjög mikil á náttúru landsins. Því væri æskilegt að færa viðmið um tilkynningarskyldu enn neðar, í 10 ha, þar sem um er að ræða óræktað land eða lítt snortið. Þá er mikilvægt að í lögum verði komið í veg fyrir að hægt sé að ráðast í fleiri en eitt skógræktarverkefni undir viðmiðum á tilteknu svæði, án þess að Skipulagsstofnun meti þörf á mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa,



Þorkell Lindberg Þórarinnsson
Forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands